

**117** Höskuldsstaðaprestakalls og Hofsprestakalls í sama prófastsdæmi. Jafnframt felst  
29. ágúst stjórnarráðið á það, að sóknarpresturinn í Bergstaðaprestakalli síra D. K. Ludvig Knudsen og sóknarpresturinn í Höskuldsstaðaprestakalli síra Jón Pálsson njóti frá fardögum síðastliðnum launa eftir lögum 16. nóvbr. 1907 um laun sóknarpresta.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar og ráðstöfunar.

**118** Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um  
31. ágúst breytingu á ákvæðunum um skiftingu Rauðasandshrepps.

Með brjefi, dags. 14. maí þ. á., hafið þjer, herra sýslumaður, sent hingað erindi frá hreppsnefndinni í Patrekshreppi og Rauðasandshreppi um breyting á ákvæðum þeim, sem sett eru í brjefi stjórnarráðsins, dags. 20. apríl f. á., um skiftingu hins forna Rauðasandshrepps í hina tvo nefndu hreppa, ásamt meðmælum hlutadeigandi sýslunefndar með því, að umrædd breyting verði gerð.

Útaf þessu er hjermeð samkvæmt sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905 gerð svofeld breyting á reglum þeim, sem settar eru í framannefndu brjefi stjórnarráðsins undir 3. tölul., um skifting eigna, skulda og sveitarþyngsla, að alþýðustyrktarsjóði hins forna Rauðasandshrepps skuli skift jafnt milli hinna nýju hreppa og að þeim íbúum hins forna Rauðasandshrepps, sem eigi höfðu þegið sveitarstýrk áður en honum var skift, en síðar verða styrkspurfar, skuli framfleytt í þeim hinna nýju hreppa, er þeir áttu heimilisfang í, þegar skiftin fóru fram.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar, frekari aðgerða og birtingar.

**119** Brjef stjórnarráðsins til bæjarfógetans í Reykjavík um skilning á  
14. okt. lögum um farandsala og umboðssala frá 22. nóvbr. 1907.

Í brjefi, dags. 2. júní þ. á., hafa kaupmenn þeir hjer í bænum, sem vín-söluleyfi hafa, kært það, að þjer, herra bæjarfógeti, hinn 30. maí þ. á. hafið selt L. J. Petersen frá Kaupmannahöfn leyfisbrjef sem farandsala fyrir þrjú vín-söluhús þar og álita þeir, að með þessu sje brotinn rjettur á sjer og byggja það á ákvæðum laga um verslun og veitingu áfengra drykkja 11. nóvbr. 1899. Þjer hafið aftur á móti í brjefi, dags. 11. júní þ. á., haldið því fram, að yður hafi eigi verið heimilt að synja honum um leyfisbrjefið, með því að lög um farandsala og umboðssala 22. nóvbr. f. á. gefi ekkert tilefni til að gera neinn greinarmun eftir því, hverjar vörutegundir sjeu hafðar á boðstólum og jafnvel eigi til að rannsaka,